

Vilhjálmur Sigmundsson umsögn

Til : Gaukur Hjartarson <gaukur@nordurthing.is>; Sigurdís Sveinbjörnsdóttir <sigurdis@nordurthing.is>
Frá : Norðurþing <nordurthing@nordurthing.is>
Heiti : Vilhjálmur Sigmundsson umsögn
Málsnúmer : 202205037
Málsaðili : Norðurþing
Skráð dags : 17.01.2023 00:00:00
Höfundur : Eimskip Ísland ehf
Viðhengi [Tillaga að breytingu deiliskipulags Norðurhafnar á Húsavík.docx](#)
[image001.png](#)

From: Vilhjálmur Sigmundsson - VSI
Sent: þriðjudagur, 17. janúar 2023 15:38
To: Norðurþing
Subject: Tillaga að breytingu deiliskipulags Norðurhafnar á Húsavík

Góðan daginn

Langar að koma að nokkrum athugasemdum vegna tillögu um breytingu á deiliskipulagi á Norðurhafnarsvæði.

Á síðustu árum hafa orðið gríðarlegar breytingar á umferð við höfnina og umsvif aukist verulega.

Með tilkomu PCC á Bakka hófust siglingar áætlunarskipa að nýju til Húsavíkur eftir að hafa legið niðri um nokkur ár, samhliða þessu eru hráefnisskip fyrir PCC.

Á nýliðnu ári 2022 var skipað upp rúmlega 190 þúsund tonnum af hráefni fyrir PCC

Húsavíkurhöfn er orðin að stóriðjuhöfn og áhrif stóriðju koma ekki fram strax á upphafsárunum, það tekur tíma.

Það er ljóst að en á eftir að aukast með tilkomu nýrra verkefna og mögulega stækkun á því sem fyrir er:

- Stækkun PCC Bakka (Tíðari skipakomur stærri skip)
- Fleiri viðkomur skemmtiferðaskipa
- Frekari uppbygging á Bakka með tilkomu grænna Iðngarða
- Grasköggla verksmiðja (með áform um 50 þúsund tonna framleiðslu á ári)

- Fleiri viðkomur áætlunarskipa

Sú tillaga sem nú liggur fyrir kemur til með að hafa veruleg áhrif á þá starfsemi sem er á svæðinu og möguleika hafnarinnar að vaxa enn frekar.

Skerðing á athafnarsvæði hafnarinnar getur sett ákveðin verkefi í hættu og þar sem geymslusvæði hafnarinnar verður orðið mjög takmarkað.

Það er öllum ljóst að þessi breytingartillaga að breyttu deiluskipulagi er sett fram til þess að mæta þörfum Íslandsþara, ég ætla ekki að ræða það á neinn hátt í þessu samhengi.

Mínar hugleiðingar og áhyggjur snúa alfarið að því svæði sem deiluskipulagið nær yfir, ef þau áform sem fram hafa komið verða af veruleika þá mun hafnarsvæðið þurfa stækkun frá því sem nú er..

Ég vona að Sveitastjórn Norðurlands snúi frá þessum breytingum á deiluskipulagi Norðurlands og komi þannig í veg skerðingu svæðisins.

Í mínu starfi fylgst ég vel með málum sem snúa að hafnarsvæðinu og fæ oft fyrirspurnir um aðstæður og þjónustu við höfnina.

Starfsstöð Eimskipa á Húsavík með 21 stöðugildi á breiðum grunni þ.e.a.s. skrifstofu, vöruhús, hafnarstarfsemi, bílaverkstæði og Bílstjóra.

Bestu kveðjur / Best Regards

Vilhjálmur Sigmundsson

Svæðisstjóri / Area Manager

Húsavík / Eimskip Norðurland - Husavik

Tel: +354 525 7848

Mobile: +354 825 7273

[Terms & Conditions](#) | [E-mail terms](#)



